

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 frá 23. nóvember 2006 um leyfi til að nota bensósýru (VevoVital) sem aukefni í fóðri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1743/2006 frá 24. nóvember 2006 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1750/2006 frá 27. nóvember 2006 um leyfi til að nota selenmetíónín sem aukefni í fóðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006 frá 18. desember 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁵⁾ með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 42.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið lzzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1447/2006) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„lzzzc. **32006 R 1730**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 frá 23. nóvember 2006 um leyfi til að nota bensósýru (VevoVital) sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9).

lzzzd. **32006 R 1743**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1743/2006 frá 24. nóvember 2006 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 16).

lzzze. **32006 R 1750**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1750/2006 frá 27. nóvember 2006 um leyfi til að nota selenmetíónín sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 330, 28.11.2006, bls. 9).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 8, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 330, 28.11.2006, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 126.

lzzzf. **32006 R 1876**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006 frá 18. desember 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fõðri (Stjtíð. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 126) með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 42.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1730/2006, 1743/2006, 1750/2006 og 1876/2006, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 42, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.